

Nd.

195. Breytingartillögur

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 25. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:

Fyrir 15. janúarmánaðar ár hvert skal reikningshaldari einnig gera reikning fjallskilasjóðs hreppsins síðastliðið almanaksár. Skal öll hreppsnefndin og rannsaka þann reikning og bera ábyrgð á, að hann sje rjettur. Um yfirskoðun þess reiknings og úrskurðun skulu gilda öll hin sömu fyrirmæli sem um reikning hreppsins.

2. Við 39. gr.

Á eftir »ársreikninga allra hreppa i sýslunni« i fyrsta málslið komi: og fjallskilareikninga (sbr. 25. gr.).